

Flokksráð yngri flokka Boltafélags Ísafjarðar

Um miðjan október ár hvert er haldinn foreldrafundur þar sem kosið er í stjórnir flokkanna. Þar þarf að kjósa:

- Umsjónarmenn/tengiliðir. Æskilegt er að það séu tveir umsjónarmenn hjá hverjum flokki, einn frá hvorum árgangi.
- Gjaldkera sem heldur utanum fjármál flokksins.
- Búningastjóra sem hefur umsjón með keppnisbúningum flokkanna (einn eða fleiri).

Verksvið umsjónarmanna/tengiliða:

- Samstarf við þjálfara um málefni sem varða flokkinn. Felst aðallega í upplýsingamiðlun frá þjálfara til leikmanna og forráðamanna þeirra.
- Utanumhald um helstu upplýsingar um leikmenn flokksins og forráðamenn þeirra.
- Mikilvægt að setja upp góðan tölvupóstlista.
- Í október þurfa umsjónarmenn að fara í gegnum félagatal sinna flokka og senda nýtt félagatal til barna- og unglingaráðs.
- Yfirumsjón með öllu sem snýr að flokknum. Málefni foreldra, leikmanna, þjálfara, mót o.fl.
- Upplýsingamiðlun til foreldra (hægt að nota nýja heimasíðu BÍ88 þegar hún kemst í gagnið)
- Umsjónarmenn sitja "stóra" fundi með stjórn unglingaráðs og eru tengiliðir unglingaráðs út í flokkana. Ef þeir geta ekki mætt á fundina þá eiga þeir að boða aðra í sinn stað (t.d. gjaldkera eða búningastjóra).
- Panta rútur (eða sjá til þess að það sé gert) eða fá foreldra til þess að keyra á einkabílum ef spila á leiki í Íslandsmótum eða öðrum mótum.

Verksvið gjaldkera:

- Gjaldkerar halda utan um fjármál flokkanna.
- Þeir sjá um að leggja afrakstur fjáraflana inná reikning viðkomandi aðila.
- Gjaldkeri sér um að greiða mótsgjöld vegna móta sem flokkurinn tekur þátt í, fyrir utan Íslandsmót. Barna og unglingaráð sér um að greiða gjöld fyrir þau mót.
- Gjaldkeri sér um innheimtu á þátttökugjöldum á þau mót sem flokkarnir taka þátt í.

· Æskilegt er að gjaldkerar flokkanna sitji "stóra" fundi unglingaráðs eða fái upplýsingar um hvað fram fór á fundunum.

Verksvið búningastjóra:

· Fyrsta verk búningastjóra í október er að fara í gegnum búninga flokkanna og skila skýrslu um stöðu á búningum til búningastjóra Barna- og unglingaráðs (hve margar treyjur og buxur eru til). Tilkynna þarf ef búninga vantar fyrir komandi keppnistímabil.

· Búningastjóri heldur síðan utanum búningana allt tímabilið. Hann sér um að þeir séu þvegnir eftir leiki og að þeir skili sér alltaf í leiki. Það er ekki þar með sagt að búningastjórinn þurfi að þvo allt sjálfur. Hann dreifir þvottinum á milli foreldra en nauðsynlegt er að einn aðili viti alltaf hvar búningarnir séu niðurkomnir. Búningastjórar geta verið fleiri en einn. Þeir geta þá skipt með sér umsjón á ákveðnum búningasettum ef um fleiri en eitt sett er að ræða.

· Æskilegt er að búningastjórar flokkanna sitji "stóra" fundi unglingaráðs eða fái upplýsingar um hvað fram fór á fundunum.

Möguleg dagskrá flokksráðs 7.flokks karla

Möguleg verkefni flokksins:

1. Haustmót BÍ88 (nóvember)
2. Vormót BÍ88 (apríl)
3. Önnur mót sumarsins

Október:

- Fundur umsjónarmanns, gjaldkera og búningastjóra til undirbúnings starfsárinu.
- Öflun upplýsinga um leikmenn og aðstandendur flokksins.

Desember:

- Fjáröflun; kökubasar o.fl.
- Haldinn fundur og kynnt dagskrá vors - sumars.

Maí:

Haldinn fundur vegna móta sumarsins. Allt varðandi þáttöku flokksins skipulagt tímanlega.

Júní:

- Stuttu fyrir mót mögulega haldinn síðasti fundur fyrir ferð.

September:

- Uppskeruhátið BÍ88.